

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1995

Nr. 200

406

22. mars 1995

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Hornafjarðarbæ 1995.

1. gr.

Hornafjarðarbæ er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsgjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald sem miðast við áætlaðan fjöld sorpíláta að mati bæjarráðs Hornafjarðar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1995 er sem hér greinir:

Sorphreinsgjald	kr. 5.000
Sorpeyðingargjald	kr. 2.000

Samtals sorphirðugjald kr. 7.000

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.